



Fundargerð aðalfundar Grænu orkunnar 25. maí 2023 í Borgartúni 35, 13:00-15:00.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Sigurður Ástgeirsson var kosinn fundarstjóri og Anna Margrét Kornelíusdóttir ritari aðalfundarins.

2. Skýrsla stjórnar 2022 lögð fram

María Jóna Magnúsdóttir, formaður stjórnar rakti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2022. Hún mun verða birt á vefsíðu Grænu orkunnar.

3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Jón Björn Skúlason verkefnastjóri fór yfir reikninga félagsins fyrir árið 2022 sem höfðu verið yfirfarnir og samþykktir af skoðunarmönnum.

4. Breytingar á samþykktum

Engar tillögur til breytinga á samþykktum bárust og verða þær því óbreyttar til næsta árs.

5. Ákvörðun árgjalds

Engar tillögur til breytinga á árgjaldi félagsins bárust og verða þau því óbreytt til næsta árs.

6. Kosning stjórnar

Egill Jóhannsson, f.h. Bílgreinasambandsins, og Guðmundur Ingi Þorsteinsson, Orkunni buðu sig fram í aðalstjórn og Gunnar Valur Sveinsson, Samtökum ferðaþjónustunnar í varastjórn. Þeir voru allir sjálfkjörnir fyrir tímabilið 2023-5. Fullskipuð stjórn verður því:

Fyrir hönd hins opinbera:

Ásta Þorleifsdóttir, Innviðaráðuneyti

Erla Sigríður Gestsdóttir, Umhverfis- orku og loftslagsráðuneyti

Helga Barðadóttir, Umhverfis- orku og loftslagsráðuneyti

Kristinn Bjarnason, Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Fyrir hönd atvinnulífsins:

Ágústa S. Loftsdóttir, EFLU verkfræðistofu – stjórnarformaður

Egill Jóhannsson, Bílgreinasambandinu

Guðmundur Ingi Þorsteinsson, Orkunni

Linda Fanney Valgeirsdóttir, Alor

Varamenn:

Sigurður Ástgeirsson, Ísorku

Gunnar Valur Sveinsson, Samtökum ferðaþjónustunnar

7. Önnur mál

Guðmundur Karl Guðjónsson hjá Póstinum og Benedikt S. Benediktsson hjá SVP buðust til að vera skoðunarmenn reikninga og voru sjálfkjörnir.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.